



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

Skipulagsstofnun

Laugavegi 166
150 Reykjavík

Vesturbyggð, 8. janúar 2021
2012048 RH

Efni: Umsögn um viðauka við landsskipulagsstefnu

Vísað er til tillögu Skipulagsstofnunar um viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026, sem birt var á heimasiðu stofnunarinnar í nóvember sl. og kynnt var á fundi með Vesturbyggð og öðrum sveitarfélögum á Vestfjörðum þann 3. desember sl.

Viðaukinn var tekin fyrir á fundi bæjarráðs Vesturbyggðar á 912. fundi ráðsins 6. janúar sl. og eftirfarandi er umsögn Vesturbyggðar.

Að mati Vesturbyggðar eru mörg atriði í viðaukanum til þess fallin að efla enn frekar þá framtíðarstefnu sem aðalskipulag sveitarfélaga er hverju sinni. Þó eru atriði sem Vesturbyggð telur rétt að benda á að rýna þurfi og útfæra betur. Í fyrsta lagi þarf að mati sveitarfélagsins að rýna einstakar áherslur viðaukans út frá mismunandi stærð og legu sveitarfélaga. Mörg atriði í stefnunni falla vel að tilteknun sveitarfélögum en geta verið íþyngjandi og kostnaðarsöm fyrir önnur. Má þar nefna sveitarfélög sem eru landstór og viðfem, þar sem t.d. hefðbundinn landbúnaður hefur verið á undanhaldi þá gæti t.d. ófrávirkjanleg krafa um að allt landbúnaðarland sé flokkað við gerð aðalskipulags verið gríðarlega umfangsmikil vinna og kostnaðarsöm. Í öðru lagi telur Vesturbyggð mikilvægt að umfjöllun um vindorkunýtingu og skipulag slíkra svæða verði gerð skil í viðaukanum, þar sem aukinn áhugi er á slíkum svæðum sem hentað geta vel til uppbyggingu vindorku og samræmist það vel áherslu um efnahagslegan hvata til orkuskipta, t.d. á kaldari svæðum sem hafa með að gera landsvæði sem hentað gætu vel til vindorkuframleiðslu. Að lokum vill Vesturbyggð benda á mikilvægi þess að þær breytingar sem viðaukanum er ætlað að gera á tilteknun kröfum við aðalskipulagsgerð sveitarfélaga verði kostnaðarmetnar. Á grundvelli slíks mats verði áætlað í hvaða skrefum nýmæli í viðaukanum kunni að öðlast gildi eða eftir atvikum hvernig sveitarfélögnum verði tryggð framlög til að standa undir auknum kröfum við m.a. gerð aðalskipulags.

Fyrir hönd Vesturbyggðar,

Rebekka Hilmarsdóttir
bæjarsfjóri